

Fundargerð

214. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs Þriðjudaginn 24. nóvember 2015 kl. 12¹⁵–14¹⁵.

Viðstödd: Guðmundur G. Þórarinnsson (GGÞ), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.
Bryndís Skúladóttir (BS) Íris Gunnarsdóttir (ÍG), fundarritari.
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)
Guðfinnur Johnsen (GJ) (fjarverandi)
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)
Lúðvík Gústafsson (LG) (fjarverandi)
Hrefna B. Jónsdóttir (HBJ) varamaður (LG)

Á fundinum var eftirfarandi lagt fram varðandi þá liði dagskrár sem getið er í sviga:

- (1) Fundargerð síðasta fundar
- (2) Rekstraráætlun
- (3) Raftæki
- (4) Söfnunarstöðvargald

1. Fundargerð

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar ([213. fundar](#)).

Samþykkt

2. Rekstraráætlun

Lagt var fram á fundinum drög að rekstraráætlun 2015-2017 og yfirlit yfir forsendur hennar. Í yfirlitinu koma fram forsendur um álagt og ráðstafað magn ásamt skilahlutföllum. Stjórn á eftir að taka afstöðu til breytinga á endurgjaldi fyrir raftækjaúrgang.

Einnig eru í drögum forsendur um breytingar á úrvinnslugjöldum árið 2017 þannig að rekstur verði í jafnvægi 2020 þótt engin ákvörðun hafi verið tekin um að gera slíkar tillögur, af stjórn.

Stjórn þarf að staðfesta heildartölur þar sem að allir vöruflokkar teknir saman í eina tölu, einnig rekstraráætlunar fyrir árið 2016. Áætlun fyrir árið 2017 þarf að staðfesta í janúar á næsta ári.

GGÞ ræddi um jafnvægi sjóða og nauðsynlega sjóðssöfnun. Fjallað var um þetta í ársskýrslu 2012.

Umræða fór fram á fundinum um rafhlöður í raftækjum og hugsanlegar greiðslur milli vöruflokka raftækja og rafhlaða.

Stjórnarmenn ræddu hvort ætti að leggja niður og/eða sameina minnstu vöruflokkana t.d. framköllunarefni og kvikasilfurvörur.

3. Raftæki

Á síðasta fundi var farið yfir erindi frá Efnamóttökunni þar sem óskað var eftir endurskoðun á endurgjaldi fyrir ráðstöfun raftækjaúrgangs. Þar kom m.a. fram að verð fyrir brotamálm hefur fallið, laun hækkað og gengi evru hefur lækkað m.v. krónu.

Á síðasta fundi var umræðu um málið haldið áfram, rýnt frekar í þessar tölur og þær settar í samhengi við magntölur og afkomutölur þessa árs.

Á síðasta fundi kom fram að 27% af söfnun raftækja kemur frá fyrirtækjum. Lögð var fram atvinnuflokkagreining (ISAT) þeirra fyrirtækja sem hafa skilað raftækjum. ÍG fór yfir greininguna á fundinum. Þar kemur fram að stór hluti þess sem safnast frá fyrirtækjum kemur til endurnotkunar frá almenningi. Þ.e.a.s. berst til Fjölsmiðjunnar og Góða hirðisins. Þar eru tækin flokkuð og yfirfarin. Það sem ekki fer í sölu fer til endurvinnslu.

Frekari umræðu frestað.

4. Söfnunarstöðvargjald

Á stjórnarfundum haldinn 29.9.2015 var farið yfir lagaákvæði og framkvæmd Úrvinnslusjóðs á greiðslu söfnunarstöðvargjalda. Frá árinu 2008 hefur greiðsla söfnunarstöðvargjalda verið hluti af greiðslu Úrvinnslusjóðs til þjónustuaðila. Þjónustuaðilar hafa gert upp við sveitarfélög. Í framhaldi af útboði Sorpu á móttöku raftækjaúrgangs hófst umræða um hvort ástæða væri til að breyta þessu fyrirkomulagi á þann veg að Úrvinnslusjóður myndi greiða söfnunarstöðvargjöldin milliliðalaust. Umræðu á ofangreindum fundi var frestað og ákveðið að stjórnin ræddi við sitt bakland um málið.

BG og HBJ greindu frá umræðum á fundum hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga um söfnunarstöðvargjald fyrir raftækjaúrgang þar sem útboð Sorpu var m.a. rætt. Fram kom sú spurning hvernig ætti að semja við aðila um raftækjaúrgang, af söfnunarstöðvum sveitarfélaganna, til framtíðar ef ekki er hægt að nota útboð. BG lagði áherslu á að niðstaða fengist í það hvað eigi að vera innifalið í söfnunarstöðvargjaldinu og hvernig á að reikna það. Ennfremur hvort nauðsynlegt sé að gera breytingar á núverandi fyrirkomulagi. Sveitarfélögin spyrja hvort einhver hafi kallað eftir breytingum, þau óska ekki eftir þeim.

GGÐ ræddi um eftirlitshlutverk ÚRVVS sem snýr fyrst og fremst að þeim fjármunum sem sjóðurinn greiðir. Þar með hefur sjóðurinn eftirlitshlutverk gagnvart þeim greiðslum sem fara til sveitarfélaganna gegnum þjónustuaðilana.

Umræðu frestað til næsta fundar.

7. Önnur mál

Voru engin

Næsti fundur ákveðinn 8. desember 2015.

Fundi slitið kl 14.15